

Leiðbeiningar fyrir umsækjendur

Markmið sjóðsins er að efla menningarsamstarf milli norrænu ríkjanna, þ.e. Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar auk sjálfstjórnarsvæðanna Álandseyja, Færeyja og Grænlands. Þar er átt við menningarsamstarf hvort heldur er á Norðurlöndum eða utan þeirra.

1. Hvað styrkir sjóðurinn?

Verkefni á breiðu sviði menningar og lista

Sjóðurinn styrkir menningu og listir í víðum skilningi, bæði atvinnufólk og áhugamenn.

Sjóðurinn styrkir verkefni sem bera vott um gæði, framsýni, aðgengi og fjölbreytni og þar sem hefðbundnar sem og nýjar starfsaðferðir fá að njóta sín.

Sjóðurinn styrkir m.a. ráðstefnur, tónleika, leikferðalög, sýningar, menningarhátíðir og rannsókn- og menntaverkefni. Verkefnin má vinna hvort heldur er á Norðurlöndum eða utan þeirra.

Norrænn virðisauki

Verkefni er hægt að styrkja ef þau teljast fela í sér norrænan virðisauka, þ.e. að norrænt samstarf og samskipti auki gildi verkefna miðað við að þau væru unnin í aðeins einu landi. Styrkjum sjóðsins er aðallega ætlað að mæta þeim viðbótarkostnaði sem norrænt samstarf hefur í för með sér.

Sérstakar áherslur

Sjóðurinn styrkir norrænt menningarsamstarf atvinnufólks og félagasamtaka þar sem sérstök áhersla er lögð á:

- Verkefni fyrir og með börnum og ungmennum
- Verkefni sem stuðla að aukinni þekkingu á tungumálum grannþjóðanna og menningarlegu vægi tungumála á Norðurlöndum
- Verkefni sem hvetja nýbúa til þátttöku í norrænu menningarsamstarfi
- Verkefni á strjálbýlum svæðum á Norðurlöndum
- Verkefni sem styrkja samstarf vestnorrænna þjóða (Færeyinga, Grænlandinga og Íslendinga) við aðrar Norðurlandþjóðir

2. Hvað er „norrænt“?

Verkefni telst „norrænt“ ef eigi færri en þrjú norræn ríki (Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð) / sjálfstjórnarsvæði (Álandseyjar, Færeyjar, Grænland) eiga hlut að máli, þ.e. þátttakendur, framkvæmdaaðilar eða viðfangsefni. Þetta eru forsendur fyrir styrkveitingum sjóðsins.

Verkefni má ná til fleiri landa/svæða en þriggja landa/sjálfstjórnarsvæða, hvort heldur er á Norðurlöndum eða utan þeirra.

Í eftirfarandi tilvikum getur sjóðurinn styrkt tvíhliða verkefni, þ.e. verkefni sem ná aðeins til tveggja norrænna landa/svæða.

- Markmið verkefnis sé að efla samskipti milli Vestur- og Austur-Norðurlanda, þ.e. milli Íslands, Færeyja eða Grænlands annars vegar og hins vegar Álandseyja, Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar.
- Verkefnið efli þátttöku nýbúa í norrænu menningarsamstarfi.

Undanþágur þessar er hægt að veita þegar umsókn hefur verið metin að öðru leyti.

Sjóðurinn styrkir ekki tvíhliða verkefni innan danska ríkjasambandsins (þ.e. Danmerkur, Færeyja og Grænlands) eða milli Álandseyja og Finnlands.

3. Hvað styrkir sjóðurinn ekki?

Sjóðurinn styrkir ekki:

- verkefni sem ýtt er úr vör áður en sjóðnum gefst tækifæri til að afgreiða umsóknina,
- tæknibúnað, viðgerðir, húsaþbyggingar o.þ.h.,
- almennan rekstrarkostnað stofnana,
- framleiðslu og útgáfu á hljómplötum/geisladiskum,
- framleiðslu á tölvuleikjum, leiknum kvikmyndum, stuttmyndum, heimildamyndum, leiknu sjónvarpsefni eða sjónvarpsþáttaröðum,
- þýðingar á fagurbókmenntum og almennu fræðsluefni,
- tónsmíðar eftir pöntun,
- nám eða framhaldsmenntun einstaklinga,
- rannsóknastörf einstaklinga,
- námsdvalir og skólaferðalög,
- íþróttaviðburði.

4. Hver getur sótt um?

Einstaklingar, félagasamtök/tengslanet og stofnanir, auk sjálfstæðra og opinberra stofnana geta sótt um styrk. Umsækjendur geta verið búsettir/starfað hvort heldur er á Norðurlöndum eða utan þeirra.

Þegar sótt er um styrk til þátttöku í norrænum/alþjóðlegum viðburðum, er það skipuleggjandinn sem sækir um en *ekki* þátttakendur.

5. Hvað veitir sjóðurinn háa styrki?

Sjóðurinn úthlutar um 28 milljónum DKK á ári hverju, þar af nema um 80% af styrkjum hans allt að 150.000 DKK.

Sjóðurinn veitir að jafnaði ekki hærri styrki til verkefna en 500.000 DKK.

6. Hver eru fjárhagsleg skilyrði?

Eiginfjármögnun

Sjóðnum er einkum ætlað að fjármagna verkefni að hluta og því nema styrkir yfirleitt ekki meiru en 85% af heildarkostnaði. Því verður alltaf að koma til fjármögnunar annarra aðila, tekna af sölu/gjaldtöku eða eiginfjármögnunar. Eigið fjárframlag getur falist í

vinnuframlagi sem metið er til upphæðar sem sjóðurinn telur raunhæfa til framkvæmdar á verkefninu. Geta þarf þess í fjárhagsáætlun umsóknar hvaða aðferð var notuð til að reikna út frjálst vinnuframlag.

Þegar umsóknir berast frá samtökum/stofnunum er meginregla sjóðsins sú, að eftir því sem upphæðin sem sótt er um fer hækkandi, aukast kröfur sjóðsins um fjölda styrkveitenda, eða hærra hlutfall eiginfjármögnunar umsækjanda.

Skrifstofukostnaður

Sjóðurinn getur veitt styrki til skrifstofu- og launakostnaðar umsækjanda, ef kostnaðinn má rekja beint til verkefnisins og hann talinn forsenda þess að verkefnið sé framkvæmanlegt.

Fjárhagslegur hagnaður

Sjóðurinn styrkir ekki verkefni sem ætlað er að umsækjandi hafi fjárhagslegan ávinning af.

Verkefnistími

Verkefni ber að ljúka áður en tvö almanaksár eru liðin frá styrkveitingu.

7. Veitir sjóðurinn styrki til reglubundinna verkefna?

Stök verkefni njóta forgangs hjá sjóðnum, þ.e. ný verkefni sem hafa ekki verið unnin áður.

Þegar um er að ræða reglulega atburði, t.d. hátíðir, myndlistarsýningar eða ráðstefnur, veitir sjóðurinn að öllu jöfnu styrk í hæsta lagi þrisvar í röð. Þetta á við um atburði sem haldnir eru árlega eða á tveggja ára fresti.

8. Styrkir sjóðurinn þátttöku í alþjóðlegum verkefnum?

Þegar um er að ræða norræna aðkomu að alþjóðlegum lista- og menningarverkefnum, veitir Menningarsjóðurinn þeim verkefnum forgang þar sem norrænar áherslur og þátttaka eru greinilegar og rökstuddar sérstaklega í umsókninni

9. Hvenær og hvernig er sótt um?

Sjóðurinn tekur eingöngu við rafrænum umsóknum sem berast gegnum vefsíðu sjóðsins. Umsóknir sem berast með pósti, í bréfasíma eða í tölvupósti eru formlega ógildar og verða því endursendar.

Umsækjendur fá tölvuskeyti frá Menningarsjóðnum til staðfestingar á því að umsóknir þeirra hafi borist.

Umsóknarfrestir og ákvarðanir 2010:

A. Umsóknir sem nema allt að 100.000 DKK.

Umsóknarfrestir:

1. febrúar
1. mars
1. apríl
1. september
1. október

Ákvörðun tekin:

Eigi síðar en 6. apríl
Eigi síðar en 6. maí
Eigi síðar en 8. júní
Eigi síðar en 5. nóvember
Eigi síðar en 9. desember

B. Umsóknir hærrí en 100.000 DKK.

<u>Umsóknarfrestir:</u>	<u>Ákvörðun tekin:</u>
1. febrúar	12. maí
1. september	1. desember

10. Er hægt að sækja aftur um styrk til sama verkefnis?

Ef umsækjanda berst synjun á umsókn sinni til Menningarsjóðsins getur hann sótt aftur um styrk til sama verkefnis.

Allar umsóknir eru afgreiddar í stjórn Menningarsjóðsins. Ákvörðunum sjóðsstjórnar er hvorki hægt að breyta né áfrýja.

11. Opinber birting

Upplýsingar um umsóknir, styrkveitingar, lokaskýrslur o.fl. eru opinberar og er því heimilt að birta á vefsíðu Menningarsjóðsins eða á annan hátt.

Nánari upplýsingar:

Norræni menningarsjóðurinn
Store Strandstræde 18
DK-1255 København K
Sími: +45 33 96 02 00
Netfang: kulturfonden@norden.org
www.nordiskkulturfond.org

Skrifstofa sjóðsins er til húsa á Store Kongensgade 36 í Kaupmannahöfn.

Á vef sjóðsins er að finna nánari upplýsingar sem mikilvægt er að kynna sér áður en sótt er um styrki til verkefna. Þar á meðal eru eftirfarandi skjöl:

- Reglur um ráðstöfun sjóðsfjár
- Hvernig eru umsóknir metnar
- Sótt um verkefnisstyrki – almenn ráð og ábendingar